

Breytingatillaga:

Skáklög SÍ:

Er:

18. grein.

**Tíu** lið skulu vera í fyrstu deild, átta lið í 2.deild og **fjórtán** lið í þriðju deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka liðum í þriðju og fjórðu deild þyki henni ástæða til. Tvö efstu lið annarrar og þriðju deildar og þrjú efstu lið fjórðu deildar færast upp í lok keppnistímabils en tvö neðstu lið fyrstu og annarrar deildar og þrjú neðstu lið þriðju deildar færast niður.

Verður:

18. grein.

**Átta** lið skulu vera í fyrstu deild, átta lið í 2.deild og fjórtán lið í þriðju deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka liðum í þriðju og fjórðu deild þyki henni ástæða til. Tvö efstu lið annarrar og þriðju deildar og þrjú efstu lið fjórðu deildar færast upp í lok keppnistímabils en tvö neðstu lið fyrstu og annarrar deildar og þrjú neðstu lið þriðju deildar færast niður.

#### **Sérákvæði sem falli út eftir 1. janúar 2015:**

Breyting þessi taki gildi keppnistímabilið 2014-2015.

Vegna fækkunar í 8 lið í fyrstu deild skal eitt aukalið færast niður í 2. deild og 3. deild miðað við úrslitin 2013-14 en segir í 18. grein. Eitt lið fer upp í fyrstu og aðra deild í stað tveggja..

Nánar:

- 1. deild: Þrjú lið falli niður í 2. deild – eitt lið upp úr 2. deild (fækkun úr 10 í 8)
- 2. deild: Þrjú lið falli niður í 3. deild – eitt lið upp úr 3. deild (áfram átta)
- 3. deild: Þrjú lið falli niður í 4. deild – eitt lið upp úr 4. deild (sami fjöldi 14 lið)
- 4. deild: Óbreytt

Til vara að breyting þessi taki gildi keppnistímabilið 2015-2016

#### **Rökstuðningur:**

Almennt áhugaleysi hjá mörgum félögum að tefla á fimmtudagskvöldi. Mjög strembið að tefla þennan fjölda skáka fyrir marga. Gerir flóknara að fara með deildina út á land. Eykur kostnað að hafa 10 umferðir. Aldrei meira ójafnvægi í deildinni milli bestu og slökustu liða, og mun verða áfram. Fjöldi viðureigna sem enda 7-1 eða þaðan af meira gera deildina ótrúverðuga.

Enginn ávinningur, líkur á áföngum litlir og alltof miklu til kostnað.

Einu sem græða hugsanlega á fyrirkomulaginu eru mótshaldararnir í formi þáttökugjalda.

Björn Jónsson

TR